

18. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, uns hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

19. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslu. Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá. Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju að bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, uns gjaldið er greitt.

20. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarnefnd um afnotin.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b. tölulið 3. skiptalaganna. Auk þess eru skipsgjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestargjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Mýrasýslu.

1. gr.

Í Mýrasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir eru:

Hraunhreppur.

| | | |
|---------------------------|---------------------|-------------------|
| 1. Skipphylsvegur : | Af Ólafsvíkurvegi | að Skipphyl. |
| 2. Lækjarbugsvegur : | Af Skipphylsvegi | að Lækjarbug. |
| 3. Brúarfossvegur : | Af Ólafsvíkurvegi | að Brúarfossi. |
| 4. Fíflholtavegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Fíflholtum. |
| 5. Einholtavegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Einholtum. |
| 6. Kálfalækjarvegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Kálfalæk. |
| 7. Akravegur I : | Af Hraunhreppsvegi | að Ökrum. |
| 8. Akravegur II : | Af Akravegi | að Ökrum II. |
| 9. Traðavegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Tröðum. |
| 10. Laxárholtsvegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Laxárholti. |
| 11. Hólmakotsvegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Hólmakoti. |
| 12. Hundastapavegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Hundastapa. |
| 13. Skiðsholtavegur : | Af Sauravegi | að Skiðsholtum. |
| 14. Melsvegur : | Af Staðarhraunsvegi | að Mel. |
| 15. Ytri-Hraundalsvegur : | Af Svarfhólsvegi | að Ytri-Hraundal. |
| 16. Svarfhólsvegur : | Af Staðarhraunsvegi | að Svarfhóli. |
| 17. Ánastaðavegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Ánastöðum. |
| 18. Staðarhraunsvegur : | Af Staðarhraunsvegi | að Staðarhrauni. |
| 19. Seljavegur : | Af Hólmakotsvegi | að Seljum. |
| 20. Helgastaðavegur : | Af Hítardalsvegi | að Helgastöðum. |
| 21. Hamraendavegur : | Af Seljavegi | að Hamraendum. |
| 22. Hítardalsvegur : | Af Staðarhraunsvegi | að Hítardal. |
| 23. Vogsvegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Vog. |
| 24. Álftárvegur : | Af Ólafsvíkurvegi | að Álftá. |
| 25. Hamravegur : | Af Sauravegi | að Hömrum. |
| 26. Hrafnkelsstaðavegur : | Af Hraunhreppsvegi | að Hrafnkelss. |

Álftaneshreppur.

| | | |
|----------------------------|-----------------------|---------------------|
| 1. Álftártunguvegur : | Af Ólafsvíkurvegi | að Álftártungu. |
| 2. Álftártungukotsvegur : | Af Álftártunguvegi | að Álftártungukoti. |
| 3. Arnarstapavegur : | Af Álftárneshr.v. | að Arnarstapa. |
| 4. Álftárbakkavegur : | Af Álftárneshr.v. | að Álftárbakka. |
| 5. Þverholtsvegur : | Af Álftárneshr.v. | að Þverholtum. |
| 6. Álftárósvegur : | Af Álftárneshr.v. | að Álftárósi. |
| 7. Hofsstaðavegur : | Af Álftárneshr.v. | að Hofsstöðum. |
| 8. Straumfjarðarvegur : | Af Álftárneshr.v. | að Knarrarnesi. |
| 9. Knarranesvegur : | Af Straumfjarðarvegi | að Knarrarnesi. |
| 10. Sveinsstaðavegur : | Af Álftaneshr.v. | að Sveinsstöðum. |
| 11. Álftanesvegur : | Af Álftanesvegi | að Álftanesi. |
| 12. Kvíslhöfðavegur : | Af Álftanesvegi | að Kvíslhöfða. |
| 13. Miðhúsavegur : | Af Álftanesvegi | að Miðhúsum. |
| 14. Lambastaðavegur : | Af Álftanesvegi | að Lambastöðum. |
| 15. Leirulækjarselsvegur : | Af Álftaneshreppsvegi | að Leirulækjarseli. |
| 16. Leirulækjarvegur : | Af Álftaneshreppsvegi | að Leirulæk. |
| 17. Smiðjuhólsvegur : | Af Álftaneshreppsvegi | að Smiðjuhóli. |
| 18. Urriðáarvegur : | Af Ólafsvíkurvegi | að Urriðáá. |
| 19. Grenjavegur : | Af Grímsstaðavegi | að Grenjum. |
| 20. Grímsstaðavegur : | Af Grímsstaðavegi | að Grímsstöðum. |
| 21. Syðri-Hraundalsvegur : | Af Grímsstaðavegi | að Syðri-Hraundal. |
| 22. Árbæjarvegur : | Af Grímsstaðavegi | að Árbæ. |

| | | |
|----------------------|-------------------|----------------|
| 23. Lyngbrekkuvegur: | Af Ólafsvíkurvegi | að Lyngbrekku. |
| 24. Valshamarsvegur: | Af Grímsstaðavegi | að Valshamri. |

Borgarhreppur.

| | | |
|----------------------------|---------------------|---------------------|
| 1. Stangarholtsvegur: | Af Ólafsvíkurvegi | að Stangarholti. |
| 2. Ánabrekkuvegur: | Af Ólafsvíkurvegi | að Ánabrekku. |
| 3. Rauðanesvegur: | Af Þursstaðavegi | að Rauðanesi. |
| 4. Þursstaðavegur: | Af Þursstaðavegi | að Þursstöðum. |
| 5. Tungulækjarvegur: | Af Ólafsvíkurvegi | að Tungulæk. |
| 6. Borgarvegur: | Af Ólafsvíkurvegi | að Borg. |
| 7. Jarðlangsstaðavegur: | Af Stangarholtsvegi | að Jarðlangsstöðum. |
| 8. Laufásvegur: | Af Ólafsvíkurvegi | að Laufási. |
| 9. Svignaskarðsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Svignaskarði. |
| 10. Ölvaldsstaðavegur: | Af Ferjubakkavegi | að Ölvaldsstöðum. |
| 11. Beiðaldavegur: | Af Ferjubakkavegi | að Beiðalda. |
| 12. Valfellsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Valfelli. |
| 13. Brennistaðavegur: | Af Vesturlandsvegi | að Brennistöðum. |
| 14. Lækjarkotsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Lækjarkoti. |
| 15. Bóndhólsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Bóndhóli. |
| 16. Einarsnesvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Einarsnesi. |
| 17. Gljúfurárvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Gljúfurá. |
| 18. Stóra-Fjallsvegur: | Af Valbjarnarvegi | að Stóra-Fjalli. |
| 19. Litlu-Grafarvegur: | Af Valbjarnarvegi | að Litlu-Gröf. |
| 20. Valbjarnarvallarvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Valbjarnarv. |
| 21. Birkibólsvegur: | Af Valbjarnarvegi | að Birkibóli. |
| 22. Staðarvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Stað. |
| 23. Heyholtsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Heyholti. |
| 24. Galtarholtsvegur: | Af Staðarvegi | að Galtarholti. |
| 25. Gufuárvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Gufuá. |
| 26. Eskiholtsvegur: | Af Hvítárvallavegi | að Eskiholti. |
| 27. Krumshólavegur: | Af Ferjubakkavegi | að Krumshólum. |
| 28. Trönuvegur: | Af Ferjubakkavegi | að Trönu. |
| 29. Miðbæjarvegur: | Af Ferjubakkavegi | að Miðbæ. |
| 30. Efstabæjarvegur: | Af Ferjubakkavegi | að Efstabæ. |
| 31. Neðstabæjarvegur: | Af Ferjubakkavegi | að Neðstabæ. |

Stafholtstungnahreppur.

| | | |
|------------------------------|-----------------------|---------------------|
| 1. Sólheimatunguvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Sólheimatungu. |
| 2. Haugavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Haugum. |
| 3. Munaðarnesvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Munaðarnesi. |
| 4. Stóru-Skógarvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Stóru-Skógum. |
| 5. Litla-Skarðsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Litla-Skarði. |
| 6. Laxfossvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Laxfossi. |
| 7. Selhagavegur: | Af Ásbjarnarstaðavegi | að Selhaga. |
| 8. Ásbjarnarstaðavegur: | Af Þverárhlíðarvegi. | að Ásbjarnarstöðum. |
| 9. Sleggjulækjarvegur: | Af Ásbjarnarstaðavegi | að Sleggjulæk. |
| 10. Gunnlaugsstaðavegur: | Af Guðnabakkavegi | að Gunnlaugsst. |
| 11. Guðnabakkavegur: | Af Þverárhlíðarvegi. | að Guðnabakka. |
| 12. Hjarðarholtsvegur: | Af Þverárhlíðarvegi. | að Hjarðarholti. |
| 13. Varmalandsvegur: (fél). | Af Varmalandsvegi | að Varmalandi. |
| 14. Varmalandsvegur: (skól). | Af Varmalandsvegi | að Varmalandi. |
| 15. Einifellsvegur: | Af Varmalandsvegi | að Einifelli. |

| | | |
|---------------------------|---------------------|--------------------|
| 16. Arnarholtsvegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Arnarholti. |
| 17. Hlöðutúnsvegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Hlöðutúni. |
| 18. Sólbakkavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Sólbakka. |
| 19. Brúarreykjavegur: | Af Sólbakkavegi | að Brúarreykjum. |
| 20. Miðgarðsvegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Miðgarði. |
| 21. Lundavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Lundum. |
| 22. Steinavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Steinum. |
| 23. Ásavegur: | Af Steinavegi | að Ásum. |
| 24. Efranesvegur: | Af Neðranesvegi | að Efranesi. |
| 25. Neðranesvegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Neðranesi. |
| 26. Bakkakotsvegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Bakkakoti. |
| 27. Stafholtsveggjavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Stafholtsvegi.. |
| 28. Hamraendavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Hamraendum. |
| 29. Flóðatangavegur: | Af Stafholtsvegi | að Flóðatanga. |
| 30. Stafholtsvegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Staffholti. |
| 31. Hofsstaðavegur: | Af Stafholtsvegi | að Hofsstöðum. |
| 32. Jafnaskarðsvegur: | Af Hreðavatnsvegi | að Jafnaskarði. |
| 33. Valsholtsvegur: | Af Varmalandsvegi | að Valsholti. |

Norðurárdalshreppur.

| | | |
|------------------------|---------------------|-------------------|
| 1. Hreðavatnsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Hreðavatni. |
| 2. Brekkuvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Brekku. |
| 3. Hraunsnefsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Hraunsnefi. |
| 4. Hvassafellsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Hvassafelli. |
| 5. Klettstíuvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Klettstíu. |
| 6. Hreimsstaðavegur: | Af Vesturlandsvegi | að Hreimsstöðum |
| 7. Dýrastaðavegur: | Af Vesturlandsvegi | að Dýrastöðum. |
| 8. Hvammsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Hvammi. |
| 9. Sanddalstunguvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Sanddalstungu. |
| 10. Sveinatunguvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Sveinatungu. |
| 11. Fornahvammsvegur: | Af Vesturlandsvegi | að Fornahvammi. |
| 12. Króksvegur: | Af Norðurárdalsvegi | að Króki. |
| 13. Háregsstaðavegur: | Af Norðurárdalsvegi | að Háregsstöðum. |
| 14. Hafþórsstaðavegur: | Af Norðurárdalsvegi | að Hafþórsstöðum. |
| 15. Skarðshömrurvegur: | Af Norðurárdalsvegi | að Skarðshömrur. |
| 16. Glitstaðavegur: | Af Norðurárdalsvegi | að Glitstöðum. |
| 17. Svartagilsvegur: | Af Varmalandsvegi | að Svartagili. |

Þverárhlíðarhreppur.

| | | |
|--------------------------|-----------------------|-------------------|
| 1. Veiðilækjarvegur: | Af Varmalandsvegi | að Veiðilæk. |
| 2. Hallarmúlavegur: | Af Þverárhlíðavegi | að Hallarmúla. |
| 3. Hallarvegur: | Af Hallarmúlavegi | að Höll. |
| 4. Lindarhvoltsvegur: | Af Hallarmúlavegi | að Lindarhvoli. |
| 5. Arnbjarnarlækjavegur: | Af Þverárhlíðavegi | að Arnbjarnarlæk. |
| 6. Hamarsvegur: | Af Þverárhlíðavegi | að Hamri. |
| 7. Höfðavegur: | Af Þverárhlíðavegi | að Höfða. |
| 8. Griótsvegur: | Af Grióthálsvegi | að Grióti. |
| 9. Sigmundarstaðavegur: | Af Grióthálsvegi | að Sigmundarst. |
| 10. Hermundarstaðavegur: | að Þverárvegi | að Hermundarst. |
| 11. Lundarvegur: | Af Hermundarstaðavegi | að Lundi. |
| 12. Helgavatnsvegur: | Af Örnólfsdalsvegi | að Helgavatni. |

| | | |
|-----------------------|--------------------|----------------|
| 13. Hamravegur: | Af Helgavatnsvegi | að Hömrum. |
| 14. Örnólfsdalsvegur: | Af Þverárvegi | að Örnólfsdal. |
| 15. Norðtunguvegur: | Af Þverárhliðavegi | að Norðtungu. |

Hvítársíðuhreppur.

| | | |
|--------------------------|---------------------|--------------------|
| 1. Síðumúlavegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Síðumúla. |
| 2. Háafellsvegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Háafelli. |
| 3. Þorgautsstaðavegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Þorgautsstöðum. |
| 4. Fróðastaðavegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Fróðastöðum. |
| 5. Kalmanstunguvegur: | Af Hálsasveitavegi | að Kalmanstungu. |
| 6. Fljótstunguvegur: | Af Hálsasveitavegi | að Fljótstungu. |
| 7. Þorvaldsstaðavegur: | Af Hálsasveitavegi | að Þorvaldsstöðum. |
| 8. Hallkelsstaðavegur: | Af Hálsasveitavegi | að Hallkelsstöðum. |
| 9. Kolsstaðavegur: | Af Hálsasveitavegi | að Kolsstöðum. |
| 10. Gilsbakkavegur: | Af Hálsasveitavegi | að Gilsbakka. |
| 11. Kirkjubólsvegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Kirkjubóli. |
| 12. Hvammsvegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Hvammi. |
| 13. Haukagilsvegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Haukagili. |
| 14. Sámssstaðavegur: | Af Hvítársíðuvegi | að Sámssstöðum. |
| 15. Síðumúlaveggjavegur: | Af Borgarfjarðarbr. | að Síðum.veggjum. |

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaaptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákvæðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21 grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kaupúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðs-gjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónur, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu nr. 124 9. júní 1965, sbr. samþykkt nr. 276 14. nóvember 1969, um breyting á henni.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Borgarfjarðarsýslu.**

1. gr.

Í Borgarfjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr., í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer eftir ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru: